

137.fundur skólanefndar Stykkishólmsbæjar. Haldinn miðvikudaginn 4.febrúar kl. 17:15 í Ráðhúsi Stykkishólmsbæjar

Mættir: Hrafnhildur Hallvarðsdóttir (HH) formaður, Guðmundur Sævar Guðmundsson (GSG) varamaður, Kristbjörg Hermannsdóttir (KH) fulltrúi, Magda Kulinska (MK) fulltrúi, Jón Einar Jónsson (JE)fulltrúi

Áheyrafulltrúar: Gunnar Svanlaugsson (GS) skólastjóri grunnskólans, Sigrún Þórsteinsdóttir (SP) skólastjóri leikskólans, Karina Nielsen (KN) f.h starfsfólks leikskólans,

Fundur settur kl. 17:20

Fundargerð ritaði Kristbjörg Hermannsdóttir

Dagskrá:

1. Skýrsla skólastjóra leikskóla.

- a. Uppsagnir: Karína Nielsen hefur sagt upp og mun hætta 1. maí
- b. Sigurdís Gísladóttir hefur sagt upp og mun hætta um sumarfrí.
- c. Rósa Kristín Indriðadóttir byrjar í 75% vinnu 1. apríl
- d. Sólbjört S. Gestsdóttir byrjar að vinna í 100% 1. maí , þær eru báðar að koma aftur eftir fæðingarorlof.

Eins og staðan er munu starfsmenn sem koma inn eftir fæðingarorlof dekkja þær stöður sem losna vegna uppsagna.

- e. Þó nokkuð er komið af umsóknum barna fyrir næsta vetur. Við minnum á innritunarreglur þar sem kemur fram að umsóknir þurfa að hafa borist fyrir 1. maí hvert ár ef óskað er eftir skólavist að hausti. Auglýsing vegna umsókna nýrra barna verður sett í Stykkishólmspóstinn fljótlega.
- f. Í haust fara 10 börn í grunnskólann, komnar eru umsóknir fyrir 10 börn og 3 börn sem byrja á vormánuðum þ.e. í mars, apríl og maí.
- g. Ekki hefur verið sagt upp fyrir neitt barn ennþá, enda er aðeins mánaðar uppsagnarfrestur.
- h. Heimsóknir sálfræðings og talmeinafræðings hafa verið með eðlilegum hætti í vetur og eru vel nýttar.
- i. Fá börn mættu dagana milli hátíða, eða um 20 börn.
- j. Leikskólinn var lokaður föstudaginn 2. janúar
- k. ½ starfsdagur var mánudaginn 5 janúar og þá var farið á skyndihjálparnámskeið.
- l. Þorablót var haldið með hefðbundnum hætti á bóndadaginn.
- m. Haldið verður upp á dag leikskólans 6. febrúar með foreldrakaffi frá kl 8 til kl rúmlega 10.
- n. Undirbúningur fyrir öskudaginn er í fullum gangi, börnin búa sér til sína búninga eins og undanfarin ár.
- o. Skiptinema heimsóknir verða í þessari og næstu viku.

- p. Starfsdagur verður miðvikudaginn 25. febrúar. Þar verður unnið að skólanámsskrá leikskólans sem vonandi fer að líta dagsins ljós.
- q. Foreldraviðtöl verða á Vík í mars en í maí á Ási og Nesi í samræmi við nýju einstaklingsnámsskrárnar.
- r. Annað: Varðandi fyrirspurn frá fundi 6. okt. þá var haft samband við heilbrigðisfulltrúa Vesturlands og beðið um skoðun á leikvelli. Þau ætluðu að bregðast fljótt við og átti ég von á þeim fyrir jól. Við bíðum enn ☹

Skólastjóri mun ýta enn frekar á eftir að þessi úttekt fari fram.

Umræða um grænfánann í báðum skólum.

2. Skýrsla skólastjóra grunnskóla.

- a. Skólastarfið
 - i. Nemendur
 - ii. Námið
Prófundirbúningur stendur yfir. Unnið hefur verið með niðurstöður samræmdra prófa. Búin verða til teymi innan skólans til að vinna sérstaklega með íslensku og stærðfræði. Nánar verður fjallað um þessa vinnu á næsta skólanefndarfundi 11.mars.
- b. hegðun og líðan
Líðan almenn góð. Nemendur koma ánægðir t.d. úr frímínútum. Meiri vinátta og betra jafnvægi.
- c. Önnur verkefni s.s Laugar, skíðaferð, Koldingheimsókn, o.fl. o.fl.
Ferðin að Laugum sem nú stendur yfir gengur vel.
- d. Starfsfólk
- e. Kosningar um samninga kennara 20. febrúar – niðurstöður liggja fyrir þann 1. mars. Kosningar kennara fram undan þar sem síðasti liður samninga verður lagður fyrir, vinnumat.
 - i. Samningar samþykktir ? – Vinnumat og áframhaldandi vinna að breyttu vinnuumhverfi.
 - ii. Samningar felldir ? – Unnið áfram eins og hingað til.
- f. Önnur mál !
 - i. Öskudagur verður með hefðbundnum hætti, 12:30 hefst dagskrá.
 - ii. Talað um umgengni í íþróttamiðstöðinni. Stefnt að því bæta þetta, sú vinna er nú þegar hafin.
- iii. Kennaranemar væntanlegir í skólann.
Rósa Kristín Indriðadóttir Stærðfræði
Una Særún Karlsdóttir Textílmennt
Benný Eva Benediktsdóttir Kennsla yngri barna
- iv. Steinunn María Þórsdóttir mun verða umsjónarkennari 1.bekkjar í haust.
- v. JE ræðir stuttlega um samræmd próf. Nánar verður fjallað um samræmd próf á næsta skólanefndarfundi.

3. Ályktun frá Kristbjörgu Hermannsdóttur.

Ályktun

- a. Skólanefndin leggur til að Stykkishólmsbær veiti aukið fjármagn í forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi. Nefndin leggur til að fjármagnið verði notað til að standa straum af kostnaði við gerð forvarnaráætlunar sem unnin verði í samstarfi við fagfólk á þessum vettvangi, fræðslu fyrir starfsfólk og nemendur og nýja stefnumótun á þessum málaflokki í öllum skólum bæjarins. Markmið nefndarinnar er að þessi málflokkur fái það vægi sem honum ber og við sem samfélag sofnum aldrei á verðinum. Við mælum með því að allt starfsfólk allra skólanna í Stykkishólmi fái námskeið í þessum málaflokki og að í framhaldi af því stofna teymi sem sæi um og bæri ábyrgð á áframhaldandi vinnu og stefnumótun.

Ályktun var rædd og samþykkt með breytingum

4. Kynningar frá formanni.
5. Önnur mál.

Næsti fundur er miðvikudaginn 11.mars kl. 17:15. Það verður sameiginlegur fundur beggja skóla.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:45

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir (HH) (sign)

Guðmundur Sævar Guðmundsson (GSG) (sign)

Kristbjörg Hermannsdóttir (KH) (sign)

Magda Kulinska (MK) (sign)

Jón Einar Jónsson (JE) (sign)

Gunnar Svanlaugsson (GS) (sign)

Sigrún Þórsteinsdóttir (SP) (sign)

Karina Nielsen (KN) (sign)